

Ed.

581. Frumvarp til laga

[176. mál]

um breyting á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál.

(Eftir 2. umr. í Ed.. 28. apríl.)

1. gr.

2 mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar sex manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingarfélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

2. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Allir verkfærir menn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.